

## Úrskurður nr. 13/2008

Kærðir eru tveir úrskurðir tollstjóra en í þeim eru gjöld endurákvörðuð vegna rangrar tollflokunar. Endurákvörðunin tekur til alls 18 sendinga. Kærandi krefst þess að endurákvörðunin verði felld úr gildi. Ríkistollanefnd feldi úrskurði tollstjóra úr gildi.

Með bréfi, dags. 15. ágúst 2008, sem barst til nefndarinnar 18. s.m., kærir L. f.h. A., tvo úrskurði tollstjóra nr. 34 og 35/2008, dags. 22. júlí 2008. Í nefndum úrskurðum eru gjöld endurákvörðuð vegna breytinga á tollflokun, en um er að ræða efnivöru, veggeiningar frá fyrirtækinu Nordia. Veggeiningar þessar eru sérpantaðar eftir máli í tiltekin verk. Kærandi krefst þess að úrskurðunum verði hrundið og tollstjóra gert að endurgreiða oftekin gjöld og að varan verði flokkuð í tollflokk sem ber ekki vörugjald.

Í hinum kærðu úrskurðum tollstjóra nr. 34 og 35/2008 er um sams konar vöru að ræða en vegna breytinga á tollalögum er endurákvörðun tollstjóra skipt, þ.e. að vara sem tollafgreidd var fyrir gildistöku tollalaga nr. 88/2005 er endurákvörðuð í úrskurði 34 tekur sú endurákvörðuð til 14 vörusendinga sem tollafgreiddar eru á tímabilinu september 2002 til mars 2005. Í úrskurði 35 er endurákvörðuð á vörur sem tollafgreiddar voru á árinu 2007 alls 4 sendingar. Fram kemur í hinum kærðu úrskurðum tollstjóra að innflytjanda hafi verið tilkynnt að til þess gæti komið að embættið endurákvörðuði aðflutningsgjöld.

Tollstjóri gerir athugasemd við eftirtaldar sendingar í úrskurði 34/2008 en þær eru tollafgreiddar fyrir gildistöku laga nr. 88/2005:

Sendingarnúmer:	Tollafgreiðsludagur:
S HEG 20 08 2 NO MSS W014	06.09.2002
S HEG 29 10 2 NO MSS W021	01.11.2002
E DET 01 03 4 NO FRK W074	04.03.2004
S ARN 04 12 2 NO MSS W006	06.12.2002
S HEG 20 05 3 NO MSS W022	21.05.2003
S ARN 24 06 3 NO MSS W011	24.06.2003
S ARN 27 01 4 NO MSS W006	06.02.2004
E DET 17 02 4 NO FRK W070	17.02.2004
S GOD 18 05 4 NO MSS W009	18.05.2004
S ARN 22 06 4 NO MSS W005	23.06.2004
S HEG 13 07 4 NO MSS W023	28.07.2004
S DET 29 09 4 NO MSS W010	01.10.2004
S HEG 02 11 4 NO MSS W016	11.11.2004
S ARN 02 02 5 NO MSS W013	03.02.2005

Fyrirhuguð endurákvörðun byggðist á þeim ástæðum sem tilgreindar eru hér fyrir neðan.

S HEG 20 08 2 NO MSS W014

Röng tollflokun.

Eftirtalin vara á vörureikningi frá Nordia nr. 601531, dags. 14.08.2002, er ranglega tollflokkuð af innflytjanda sem hér segir:

GIPS (no. 452170) tollflokkaðar í tollskrárnúmer 6809-1909.

Allur annar varningur tollflokkaður í tollskrárnúmer 7216-9909 en hann er sem hér segir:

HYLLE STAL (no. 463218)

VANGE STAL (no. 463332)

GULV. (no. 463148)

E-LIST ENKEL VEGG (no. 466035)

HJÖRNEPROFIL–F (no. 463769)

HATTEPROFIL STAL (no. 463162)

FUGELIST F/HATTEPROF. (no. 465082)

TOPPLIST STAL (no. 463328)

BUNNLIST STAL (no. 463070)

SKJÖTELIST ENKEL STAL (no. 463268)

VEGGSKINNE U/SKRUER (no. 463334)

JUSTERSTYKKE F/HATTEPROFIL (no. 463219)

PLASTTPROPP (no. 451482)

Tollflokka ber þessa vöru sem hér segir:

*Gips(plötur)* í tollskrárnúmerið 6809-1901 þar sem um er að ræða tilbúna hluta til bygginga þ.e. plötur sem ekki þarf að sníða til.

*Annar varningur* tollflokkað í tollskrárnúmerið 7308-9009 nema „PLASTTPROPP“ sem tollflokkað í tollskrárnúmerið 3926-9029

Eftirtalin vara á vörureikningi frá Nordia nr. 601532, dags. 14.08.2002, er ranglega tollflokkuð af innflytjanda sem hér segir:

STALSTOLPE 72 (KAPP) (no. 464251) tollflokkað í tollskrárnúmer 7216-9909.

Tollflokka ber þessa vöru í tollskrárnúmerið 7308-9009

Eftirtalin vara á vörureikningi frá Nordia nr. 601533, dags. 04.08.2002, er ranglega tollflokkuð af innflytjanda sem hér segir:

TVERRPROFIL DX-60 (no. 465825) tollflokkað í tollskrárnúmer 7306-6000.

Tollflokka ber þessa vöru í tollskrárnúmerið 7308-9009

S HEG 29 10 2 NO MSS W021

Röng tollflokun.

Eftirtalin vara á vörureikningi frá Nordia nr. 601580, dags. 24.10.2002, er ranglega tollflokkuð af innflytjanda sem hér segir:

GIPS (no. 452167) tollflokkaðar í tollskrárnúmer 6809-1909.

Allur annar varningur tollflokkaður í tollskrárnúmer 7216-9909 en hann er sem hér segir:

STALSTOLPE 72 (KAPP) (no. 464252)

STALSTOLPE 72 (KAPP) (no. 464254)  
GULV. (no. 463148)  
TAKSV. 72 (no. 452614)  
E-LIST ENKEL VEGG (no. 466035)  
HJÖRNEPROFIL-F (no. 463769)  
HATTEPROFIL STAL (no. 463162)  
HATTEPROFIL STAL (KAPP) (no. 464225)  
TOPPLIST STAL (no. 463328)  
BUNNLIST STAL (no. 463070)  
SKJÖTELIST ENKEL STAL (no. 463267)  
JUSTERSTYKKE F/HATTEPROFIL (no. 463219)

Tollflokka ber þessa vöru sem hér segir:

*Gips(plötur)* í tollskrárnúmerið 6809-1901 þar sem um er að ræða tilbúna hluta til bygginga þ.e. plötur sem ekki þarf að sníða til.

Annar varningur tollflokkað í tollskrárnúmerið 7308-9009.

E DET 01 03 4 NO FRK W074

Röng tollflokkan.

Eftirtalin vara á vörureikningi frá Nordia nr. Pfa024666, dags. 25.02.2004, er ranglega tollflokkuð af innflytjanda sem hér segir:

GIPS (no. V-13490) tollflokkaðar í tollskrárnúmer 6809-1909.

Tetningslist PVC Sort (no.V-10175) tollflokkaður í tollskrárnúmer 6806-1009

Tollflokka ber þessa vöru sem hér segir:

*Gips(plötur)* í tollskrárnúmerið 6809-1901 þar sem um er að ræða tilbúna hluta til bygginga þ.e. plötur sem ekki þarf að sníða til.

Tetningslist PVC Sort (no. V10175) tollflokkað í tollskrárnúmerið 3926-9014

S ARN 04 12 2 NO MSS W006

Röng tollflokkan.

Eftirtalin vara á vörureikningi frá Nordia nr. 601592, dags. 29.11.2002, er ranglega tollflokkuð af innflytjanda sem hér segir:

GIPS (no. 452170) tollflokkaðar í tollskrárnúmer 6809-1909.

Allur annar varningur tollflokkaður í tollskrárnúmer 7216-9909 en hann er sem hér segir:

STALSTOLPE 72 (no. 448923)

GULV. (no. 463148)

TAKSV. 72 (no. 452614)

E-LIST ENKEL VEGG (no. 466034)  
HJÖRNEPROFIL-F (no. 463768)  
HATTEPROFIL STAL (no. 463158)  
FUGELIST F/HATTEPROF. (no. 465082)  
TOPPLIST STAL (no. 463328)  
BUNNLIST STAL (no. 463070)  
SKJÖTELIST ENKEL STAL (no. 463267)  
JUSTERSTYKKE F/HATTEPROFIL (no. 463219)

Tollflokka ber þessa vöru sem hér segir:

*Gips(plötur)* í tollskrárnúmerið 6809-1901 þar sem um er að ræða tilbúna hluta til bygginga þ.e. plötur sem ekki þarf að sníða til.

Annar varningur tollflokka í tollskrárnúmerið 7308-9009.

S HEG 20 05 3 NO MSS W022

Röng tollflokun.

Eftirtalin vara á vörureikningi frá Nordia nr. Pfa019807, dags. 14.05.2003, er ranglega tollflokkuð af innflytjanda sem hér segir:

GIPS m/duk (no. V13046) tollflokkaðar í tollskrárnúmer 6809-1909.

Tollflokka ber þessa vöru *Gips(plötur)* í tollskrárnúmerið 6809-1901 þar sem um er að ræða tilbúna hluta til bygginga þ.e. plötur sem ekki þarf að sníða til.

Eftirtalin vara á vörureikningi frá Nordia nr. Pfa019809, dags. 15.05.2003, er ranglega tollflokkuð af innflytjanda sem hér segir:

GIPSPLATER (no. V13490) tollflokkaðar í tollskrárnúmer 6809-1909.

GIPS m/vinylduk (no. V13046) tollflokkaðar í tollskrárnúmer 6809-1909

Tollflokka ber þessa vöru *Gips(plötur)* í tollskrárnúmerið 6809-1901 þar sem um er að ræða tilbúna hluta til bygginga þ.e. plötur sem ekki þarf að sníða til.

S ARN 24 06 3 NO MSS W011

Röng tollflokun.

Eftirtalin vara á vörureikningi frá Nordia nr. Pfa020308, dags. 17.06.2003, er ranglega tollflokkuð af innflytjanda sem hér segir:

GIPS m/duk (no. V13490) tollflokkaðar í tollskrárnúmer 6809-1909.

GIPS (no. V11610) tollflokkaðar í tollskrárnúmer 6809-9009.

Tollflokka ber þessa vöru *Gips(plötur)* í tollskrárnúmerið 6809-1901 þar sem um er að ræða tilbúna hluta til bygginga þ.e. plötur sem ekki þarf að sníða til.

S ARN 27 01 4 NO MSS W006

Röng tollflokun.

Eftirtalin vara á vörureikningi frá Nordia nr. Pfa023917, dags. 16.01.2004, er ranglega tollflokkuð af innflytjanda sem hér segir:

Tetningslist PVC Sort (no. V10175) tollflokkaðir í tollskrárnúmer 6806-1009

GIPS m/duk (no. V13490) tollflokkaðar í tollskrárnúmer 6809-1909.

Tollflokka ber þessa vöru *Gips(plötur)* í tollskrárnúmerið 6809-1901 þar sem um er að ræða tilbúna hluta til bygginga þ.e. plötur sem ekki þarf að sníða til og þéttlistana ber að tollflokka í tollskrárnúmer 3926-9014

Annar kostnaður

Fram kemur á reikningi frá farmflytjanda, vegna flutnings þessarar vöru, eftirkrafa að upphæð kr. 33.900,-. Ekki er hægt að sjá að þessi kostnaður hafi verið færður inn á aðflutningskýrsluna þ.e. reit 25. Hér er um að ræða kostnað sem er hluti af tollverði vörunnar, sbr. 9. gr. tollalaga nr. 55/1987, með síðari breytingum. Tollverð þessarar sendingar er því vantalið sem nemur þessari upphæð.

Fríðindameðferð

Innflytjandi nýtir sér fríðindameðferð vegna ofangreindrar vöru. Í reit 14 í aðflutningskýrslunni segir „EUR: YFIRLÝS“. Í þeim gögnum er innflytjandi afhenti embættinu var ekki að finna neina yfirlýsingu eins og gefið er til kynna í fyrrnefndum reit. Greiða ber því „A“ toll af allri vörusendingunni.

E DET 17 02 4 NO FRK W070

Röng tollflokkun.

Eftirtalin vara á vörureikningi frá Nordia nr. pfa024400, dags. 12.02.2004, er ranglega tollflokkuð af innflytjanda sem hér segir:

GIPS m/duk (no. V13046) tollflokkaðar í tollskrárnúmer 6809-1909.

Tollflokka ber þessa vöru *Gips(plötur)* í tollskrárnúmerið 6809-1901 þar sem um er að ræða tilbúna hluta til bygginga þ.e. plötur sem ekki þarf að sníða til.

S GOD 18 05 4 NO MSS W009

Röng tollflokkun.

Eftirtalin vara á vörureikningi frá Nordia nr. pfa025961, dags. 10.05.2004, er ranglega tollflokkuð af innflytjanda sem hér segir:

Tetningslist PVC Sort (no. V10175) tollflokkaðir í tollskrárnúmer 6806-1009

GIPS m/duk (no. V13490) tollflokkaðar í tollskrárnúmer 6809-1909.

Tollflokka ber þessa *Þéttlista* í tollskrárnúmerið 3926-9014 og gipsplöturnar í tollskrárnúmerið 6809-1901 þar sem um er að ræða tilbúna hluta til bygginga þ.e. plötur sem ekki þarf að sníða til.

S ARN 22 06 4 NO MSS W005

Röng tollflokkun.

Eftirtalin vara á vörureikningi frá Nordia nr. pfa026487, dags. 15.06.2004, er ranglega tollflokkuð af innflytjanda sem hér segir:

Tetningslist PVC Sort (no. V10175) tollflokkaðir í tollskrárnúmer 6806-1009

Brannstrips for isoholder (no. V10145) tollflokkaður í tollskrárnúmerið 6806-1009.

Isolasjonstrimmel (no. V11539) tollflokkaður í tollskrárnúmerið 6806-1009.

GIPS m/duk (no. V13490) tollflokkaðar í tollskrárnúmer 6809-1909.

Tollflokka ber þessa vöru þ.e. Tetningslist, Brannstrips og Isolasjonstrimmel í tollskrárnúmerið 3926-9014 og gipsplöturnar í tollskrárnúmerið 6809-1901 þar sem um er að ræða tilbúna hluta til bygginga þ.e. plötur sem ekki þarf að sníða til.

S HEG 13 07 4 NO MSS W023

Röng tollflokkun.

Eftirtalin vara á vörureikningi frá Nordia nr. pfa026993, dags. 07.07.2004, er ranglega tollflokkuð af innflytjanda sem hér segir:

GIPS m/duk (no. V13490) tollflokkaðar í tollskrárnúmer 6809-1909.

Tetningslist PVC Sort (no. V10175) tollflokkaðir í tollskrárnúmer 6806-1009

Tollflokka ber ofangreindar *Gips(plötur)* í tollskrárnúmerið 6809-1901 þar sem um er að ræða tilbúna hluta til bygginga þ.e. plötur sem ekki þarf að sníða til. Þéttlistana ber að tollflokka í tollskrárnúmerið 3926-9014

S DET 29 09 4 NO MSS W010

Röng tollflokkun.

Eftirtalin vara á vörureikningi frá Nordia nr. pfa027845, dags. 21.09.2004, er ranglega tollflokkuð af innflytjanda sem hér segir:

GIPS m/duk (no. V13490) tollflokkaðar í tollskrárnúmer 6809-1909.

Tetningslist PVC Sort (no. V10175) tollflokkaðir í tollskrárnúmer 6806-1009

Isolasjonstrimmel (no. V11539) tollflokkaður í tollskrárnúmerið 6806-1009.

Tollflokka ber ofangreindar *Gips(plötur)* í tollskrárnúmerið 6809-1901 þar sem um er að ræða tilbúna hluta til bygginga þ.e. plötur sem ekki þarf að sníða til. Þéttlistana og Isolasjonstrimmel ber að tollflokka í tollskrárnúmerið 3926-9014

S HEG 02 11 4 NO MSS W016

Röng tollflokkun.

Eftirtalin vara á vörureikningi frá Nordia nr. pfa028546, dags. 27.10.2004, er ranglega tollflokkuð af innflytjanda sem hér segir:

GIPS m/duk (no. V13490) tollflokkaðar í tollskrárnúmer 6809-1909.

Tetningslist PVC Sort (no. V10175) tollflokkaðir í tollskrárnúmer 6806-1009

Tollflokka ber ofangreindar *Gips(plötur)* í tollskrárnúmerið 6809-1901 þar sem um er að ræða tilbúna hluta til bygginga þ.e. plötur sem ekki þarf að sníða til. Þéttlistana ber að tollflokka í tollskrárnúmerið 3926-9014

S ARN 02 02 5 NO MSS W013

Röng tollflokkun.

Eftirtalin vara á vörureikningi frá Nordia nr. pfa029989, dags. 24.01.2005, er ranglega tollflokkuð af innflytjanda sem hér segir:

GIPS m/duk (no. V13490) tollflokkaðar í tollskrárnúmer 6809-1909.

Tollflokka ber ofangreindar *Gips(plötur)* í tollskrárnúmerið 6809-1901 þar sem um er að ræða tilbúna hluta til bygginga þ.e. plötur sem ekki þarf að sníða til.

Fríðindameðferð

Innflytjandi nýtir sér fríðindameðferð vegna ofangreindrar vöru. Í reit 14 í aðflutningskýrslunni segir „EUR: YFIRLÝS“. Í þeim gögnum er innflytjandi afhenti embættinu var ekki að finna neina yfirlýsingu eins og gefið er til kynna í fyrrnefndum reit. Greiða ber því “A” toll af allri vörusendingunni.

Sendingar sem tollafgreiddar voru eftir gildistöku laga nr. 88/2005 eru eftirtaldar:

Sendingarnúmer	Tollafgreiðsludagur:
S HEG 13 02 7 NO OSL W045	16. mars 2007
S ARN 06 02 7 NO OSL W026	9. febrúar 2007
S HEG 14 08 7 SE VAG W068	17. ágúst 2007
S ARN 13 06 7 SE VAG W073	18. júní 2007

Fyrirhuguð endurákvörðun byggðist á þeim ástæðum sem tilgreind eru hér fyrir neðan.

S HEG 13 02 7 NO OSL W045

Tollverð vöru (vara án greiðslu).

Eftirtalin vara á vörureikningi frá Moelven Nordia AS nr. PFA042079, dags. 07.02.2007, er án verðs.

Gips m/duk (no. V-13490)

Hér er um að ræða 60 stk. af gipsplötum (GIPS m/duk) (no. V13490). Verðmæti þessarar vöru hefur ekki verið bætt við tollverð sendingarinnar og þar af leiðandi ekki greitt af henni lögboðin aðflutningsgjöld. Ekki er hægt að finna neinar upplýsingar um verðmæti þessarar vöru í þeim gögnum sem send voru embættinu vegna þessarar sendingar.

*Vegna ofanritaðs metur embættið verðmæti þessarar vöru sem hér segir:*

Verðmæti þessarar vöru er 161,60 norskar kr. pr. stk.. Heildarverðmæti hennar er því samtals 9.696,- norskar krónur (161,60 nok x 60 stk). Hækkar því fob – verðmæti þessarar sendingar sem því nemur.

Við mat á verðmæti þessarar vöru er lagt til grundvallar verðmæti samskonar vöru sem fundið var í sendingu S ARN 02 02 5 NO MSS W013 (vörureikningi nr. pfa029989)

Tollflokka ber þessa vöru *Gips(plötur)* í tollskrárnúmerið 6809-1901 þar sem um er að ræða tilbúna hluta til bygginga þ.e. plötur sem ekki þarf að sníða til.

S ARN 06 02 7 NO OSL W026

Röng tollflokkun.

Eftirtalin vara á vörureikningi frá Moelven Nordia AS nr. PFA041935, dags. 30.01.2007, er ranglega tollflokkuð af innflytjanda sem hér segir:

GIPS m/duk (no. V13490) tollflokkaðar í tollskrárnúmer 6809-1909.

Tollflokka ber þessa vöru *Gips(plötur)* í tollskrárnúmerið 6809-1901 þar sem um er að ræða tilbúna hluta til bygginga þ.e. plötur sem ekki þarf að sníða til.

S HEG 14 08 7 SE VAG W068

Eftirtalin vara á vörureikningi frá Moelven Nordia AS, nr. PFA044547, dags. 07.08.2007, er ranglega tollflokkuð af innflytjanda sem hér segir:

GIPS m/duk (no. V13490) tollflokkaðar í tollskrárnúmer 6809-1909.



Allur annar varningur tollflokkaður í tollskrárnúmer 7308-9001 en hann er sem hér segir:

DEKORLIST OPPHENGSPROFIL (no. v-10054 og v-10031)

STALSTOLPE 72 (no. v-20854)

GULV. (no. v-21471)

TAKSV. 72 (no. V-20871)

E-LIST ENKEL VEGG (no. v-11298)

HJÖRNEPROFIL-F (no. v-10078)

OPPHENGSPROFIL (no. v-10054 og v-10048)

TOPPLIST (no. v-10142)

BUNNLIST (no. v-10028)

AVSTANDSTAG (no. V-10036)

JUSTERSTYKKE (no. v-10081)

Tollflokka ber þessa vöru sem hér segir:

*Gips(plötur)* í tollskrárnúmerið 6809-1901 þar sem um er að ræða tilbúna hluta til bygginga þ.e. plötur sem ekki þarf að sníða til.

Annar varningur tollflokkað í tollskrárnúmerið 7308-9009.

S ARN 13 06 7 SE VAG W073

Röng tollflokkun.

Eftirtalin vara á vörureikningi frá Moelven Nordia AS nr. PFA043837, dags. 04.06.2007, er ranglega tollflokkuð af innflytjanda sem hér segir:

GIPS m/duk (no. V13490) tollflokkaðar í tollskrárnúmer 6809-1909.

Tollflokka ber þessa vöru *Gips(plötur)* í tollskrárnúmerið 6809-1901 þar sem um er að ræða tilbúna hluta til bygginga þ.e. plötur sem ekki þarf að sníða til.

Þá segir í hinum kærðu úrskurðum tollstjóra að niðurstöður tollskrárflokkunar séu byggðar á túlkunarreglum nr. 1 og 6 við tollskrá en þar segir að fyrirsagnir á flokkum, köflum og undirköflum séu einungis til leiðbeiningar. Í lagalegu tilliti skal tollflokkun byggð á orðalagi vöruliða, athugasemda við tilheyrandi flokka eða kafla. Brjóti það ekki í bága við orðalag vöruliða eða athugasemda skal fylgja meðal annars 6. túlkunarreglu við tollskrá. Þar kemur fram að í lagalegu tilliti skuli flokkun vara í undirlið einstakra vöruliða byggð á orðalagi undirliðanna og sérhverri tilheyrandi athugasemd við undirliði og að breyttu breytanda, framangreindum reglum með því fororði að aðeins jafnsettir undirliðir verði bornir saman. Viðkomandi athugasemdir við flokka og kafla gilda einnig með tilliti til þessarar reglu, nema annað leiði af orðalagi.

Var innflytjanda veittur frestur til andmæla og framlagningar gagna eins og við gæti átt. Hinn 16. júní sl. barst tollstjóra tölvupóstur frá fyrirtækinu þar segir m.a.:

„Við höfnum hér með því álitum að gipsplötur séu aðskildar frá öðrum hlutum veggeininga þar sem þetta er allt ein heild og tilbúinn byggingarhluti þar sem stál er aðalburðarefni einingarinnar og eiga þar með allir hlutar einingarinnar að fara í sama tollflokk sem er 7308-9001.“

Tollstjóri svarar að um sé að ræða einingar úr gipsi en festingar úr járn. Það sem einkenni vöruna sé gips og því ber að tollflokka hana samkvæmt því. Í nefndum tölvupósti innflytjanda segir ennfremur: „Við óskum ennfremur eftir skýringu á því að hverju þrír starfsmenn embættisins sem á síðustu 13 árum hafa fengið umbeðnar upplýsingar um sömu vöruna og hafa í þrjúgang látið málið niður falla.“

Tollstjóri svarar og segir að í hinum kærðu úrskurðum að hann hafi engar skýringar á því hvers vegna starfsmenn hans hafi „látið málið niður falla“ þ.e. væntanlega ekki breytt tollflokkun þessarar vöru. Vegna þessa vill hann benda á að fyrirtækið hafi áður tollflokkað rétt þá vöru sem er til umfjöllunar í þessum úrskurði þ.e. tollflokkað gipsplötur í tollskrárnúmer. 6809.1901 og annan varning sem tollflokkaður var réttilega í tollskrárnúmer. 7308.9009 á eftirtöldum sendingum:

S HEG 23 08 5 NO OSL W012

S HEG 26 01 6 NO OSL W024

S ARN 28 02 6 NO OSL W025

Þá segir í hinum kærðu úrskurðum tollstjóra að ef innflytjandi sé í vafa um tollflokkun vöru þá geti hann óskað skriflega eftir „bindandi upplýsingum um tollflokkun vöru“, en svar tollstjóra er bindandi bæði fyrir fyrirspyrjanda og tollyfirvöld.

Þá segir að í 16. gr. tollalaga, nr. 55/1987 (en þau taka til vara í úrskurði 34/2008), og í núgildandi tollalögum 32. gr. nr. 88/2005 sé fjallað um ábyrgð innflytjanda en þar kemur m.a. fram að innflytjendur bera ábyrgð á því að upplýsingar sem gefnar eru upp í aðflutningsskýrslu séu réttar.

Tollstjóri telur að aðflutningsgjöld af ofantöldum sendingum hafi ekki verið rétt ákvörðuð við tollafgreiðslu. Hann ákveður að endurákvörða aðflutningsgjöld af sendingum sem upp eru taldar í úrskurði 34/2008 í samræmi við 99. gr. tollalaga nr. 55/1987. Þar sem fyrrgreindar sendingar voru upphaflega tollafgreiddar fyrir 1. janúar 2006 gilda tollalög nr. 55/1987 um endurákvörðun aðflutningsgjalda, sbr. gildistökuákvæði nýrra tollalaga nr. 88/2005. Eindagi viðbótarfjárhæðar þegar aðflutningsgjöld eru endurákvörðuð er tollafgreiðsludagur vörusendingar, sbr. 2. mgr. 108. gr. tollalaga nr. 55/1987.

Um dráttarvexti fer skv. 3. mgr. 108. gr. tollalaga nr. 55/1987, en þar kemur fram að reikna skuli dráttarvexti á vangreidd aðflutningsgjöld frá og með eindaga og fram að greiðsludegi. Dráttarvextir skulu vera þeir sömu og Seðlabanki Íslands ákveður skv. 6. gr. laga nr. 38/2001, um vexti og verðtryggingu.

Af sendingum sem upp eru taldar í úrskurði 35/2008 vísar tollstjóri til 111. gr. tollalaga nr. 88/2005. Gjalddagi viðbótarfjárhæðar þegar aðflutningsgjöld eru endurákvörðuð er tollafgreiðsludagur vörusendingar, sbr. 7. mgr. 120. gr. tollalaga nr. 88/2005. Um dráttarvexti fer samkvæmt 1. mgr. 125. gr. sömu laga, en þar kemur fram að reikna skuli dráttarvexti á vangreidd aðflutningsgjöld frá og með gjalddaga og fram að greiðsludegi. Þegar fyrirhuguð endurákvörðun er byggð á 111. gr. verða dráttarvextir þó einungis ákvarðaðir frá því að innflytjanda barst tilkynning um fyrirhugaða endurákvörðun. Dráttarvextir skulu vera þeir sömu og Seðlabanki Íslands ákveður skv. 6. gr. laga nr. 38/2001, um vexti og verðtryggingu.

Tollstjóri úrskurðar að aðflutningsgjöld skuli vera sem hér segir af sendingum sem upp eru taldar í úrskurði 34/2008:

S HEG 20 08 2 NO MSS W014

Vörugjald (XC, 15% af tollverði)	37.827,-
Virðisaukaskattur	<u>9.268,-</u>
Samtals aðflutningsgjöld	47.095,-
Dráttarvextir til og með 18. júlí 2008.	50.458,-
Samtals vangr.	kr. <u>97.553,-</u>

S HEG 29 10 2 NO MSS W021

Vörugjald (XC, 15% af tollverði)	23.752,-
----------------------------------	----------

Virðisaukaskattur		<u>5.820,-</u>
Samtals aðflutningsgjöld		29.572,-
Dráttarvextir til og með 18. júlí 2008.	31.683,-	
Samtals vangr.	kr.	<u>61.255,-</u>

E DET 01 03 4 NO FRK W074

Vörugjald (XC, 15% af tollverði)	28.530,-	
Virðisaukaskattur		<u>6.990,-</u>
Samtals aðflutningsgjöld		35.520,-
Dráttarvextir til og með 18. júlí 2008.	38.055,-	
Samtals vangr.	kr.	<u>73.575,-</u>

S ARN 04 12 2 NO MSS W006

Vörugjald (XC, 15% af tollverði)	29.210,-	
Virðisaukaskattur		<u>7.156,-</u>
Samtals aðflutningsgjöld		36.366,-
Dráttarvextir til og með 18. júlí 2008.	38.962,-	
Samtals vangr.	kr.	<u>75.328,-</u>

## S HEG 20 05 3 NO MSS W022

Vörugjald (XC, 15% af tollverði)	76.134,-
Virðisaukaskattur	<u>18.653,-</u>
Samtals aðflutningsgjöld	94.787,-
Dráttarvextir til og með 18. júlí 2008.	101.558,-
Samtals vangr. kr.	<u>196.345,-</u>

## S ARN 24 06 3 NO MSS W011

Vörugjald (XC, 15% af tollverði)	31.822,-
Virðisaukaskattur	<u>7.797,-</u>
Samtals aðflutningsgjöld	39.619,-
Dráttarvextir til og með 18. júlí 2008.	42.448,-
Samtals vangr. kr.	<u>82.067,-</u>

## S ARN 27 01 4 NO MSS W006

Tollur	398,-
Vörugjald (XC, 15% af tollverði)	21.233,-
Virðisaukaskattur	<u>13.605,-</u>
Samtals aðflutningsgjöld	35.236,-
Dráttarvextir til og með 18. júlí 2008.	37.750,-
Samtals vangr. kr.	<u>72.986,-</u>

## E DET 17 02 4 NO FRK W070

Vörugjald (XC, 15% af tollverði)	3.737,-
Virðisaukaskattur	<u>916,-</u>
Samtals aðflutningsgjöld	4.653,-
Dráttarvextir til og með 18. júlí 2008.	4.979,-
Samtals vangr. kr.	<u>9.632,-</u>

## S GOD 18 05 4 NO MSS W009

Vörugjald (XC, 15% af tollverði)	27.349,-
Virðisaukaskattur	<u>6.700,-</u>
Samtals aðflutningsgjöld	34.049,-
Dráttarvextir til og með 18. júlí 2008.	36.478,-
Samtals vangr. kr.	<u>70.527,-</u>

## S ARN 22 06 4 NO MSS W005

Vörugjald (XC, 15% af tollverði)	56.407,-
Virðisaukaskattur	<u>13.820,-</u>
Samtals aðflutningsgjöld	70.227,-
Dráttarvextir til og með 18. júlí 2008.	75.242,-
Samtals vangr.	kr. <u>145.469,-</u>

## S HEG 13 07 4 NO MSS W023

Vörugjald (XC, 15% af tollverði)	43.284,-
Virðisaukaskattur	<u>10.605,-</u>
Samtals aðflutningsgjöld	53.889,-
Dráttarvextir til og með 18. júlí 2008.	57.346,-
Samtals vangr.	kr. <u>111.235,-</u>

## S DET 29 09 4 NO MSS W010

Vörugjald (XC, 15% af tollverði)	14.234,-
Virðisaukaskattur	<u>3.487,-</u>
Samtals aðflutningsgjöld	17.721,-
Dráttarvextir til og með 18. júlí 2008.	17.930,-
Samtals vangr.	kr. <u>35.651,-</u>

## S HEG 02 11 4 NO MSS W016

Vörugjald (XC, 15% af tollverði)	34.278,-
Virðisaukaskattur	<u>8.398,-</u>
Samtals aðflutningsgjöld	42.676,-
Dráttarvextir til og með 18. júlí 2008.	41.781,-
Samtals vangr.	kr. <u>84.457,-</u>

## S ARN 02 02 5 NO MSS W013

Tollur	17.182,-
Vörugjald (XC, 15% af tollverði)	50.554,-
Virðisaukaskattur	<u>16.594,-</u>
Samtals aðflutningsgjöld	84.330,-
Dráttarvextir til og með 18. júlí 2008.	76.958,-
Samtals vangr.	kr. <u>161.288,-</u>

Af sendingum sem tilgreindar eru í úrskurði 35/2008 skulu aðflutningsgjöld vera sem hér segir:

## S HEG 13 02 7 NO OSL W045

Vörugjald (XC, 15% af tollverði)	28.227,-
Úrvinnslugjald	17,-

Virðisaukaskattur		<u>33.262,-</u>
Samtals aðflutningsgjöld		61.506,-
Dráttarvextir til og með 23. Júlí 2008		933,-
Samtals vangr.	kr.	<u>62.439,-</u>

S ARN 06 02 7 NO OSL W026

Vörugjald (XC, 15% af tollverði)		48.738,-
Virðisaukaskattur		<u>11.941,-</u>
Samtals aðflutningsgjöld		60.679,-
Dráttarvextir til og með 23. Júlí 2008		1.740,-
Samtals vangr.	kr.	<u>62.419,-</u>

S HEG 14 08 7 SE VAG W068

Vörugjald (XC, 15% af tollverði)		29.338,-
Virðisaukaskattur		<u>7.188,-</u>
Samtals aðflutningsgjöld		36.526,-
Dráttarvextir til og með 23. Júlí 2008		1.047,-
Samtals vangr.	kr.	<u>37.573,-</u>

S ARN 13 06 7 SE VAG W073

Vörugjald (XC, 15% af tollverði)		31.208,-
Virðisaukaskattur		<u>7.646,-</u>
Samtals aðflutningsgjöld		38.854,-
Dráttarvextir til og með 23. Júlí 2008		1.114,-
Samtals vangr.	kr.	<u>39.968,-</u>

Upphæð vangreiddra aðflutningsgjalda ásamt dráttarvöxtum er því samtals í úrskurðum 34/2008 og 35/2008 alls kr. 1.479.767,-.

Í kæru umboðsmanns innflytjanda (hér eftir kærandi) segir m.a. að vara sú sem hér sé deilt um tollflokkun á sé samkvæmt bæklingum framleiðanda innréttingar sniðnar að þörfum notandans hverju sinni. Um sé að ræða vegg sem að grunni til séu úr burðargrind úr málmprófilum. Inn í veggjunum sé einangrun og utanábyrði sé klædd með gipsplötum með skreyttum lituðum vínildúk. Til að mæta frávikum í lofthæð sé listi efst á veggnum sem gefi möguleika á allt að 5 cm breytileika í lofthæð án þess að breyta þurfi veggnum. Einingarnar séu ekki staðlaðar einingar á lager heldur sé um tilbúna einingar að ræða sem til hagræðis í flutningi séu ósamsettar rétt eins og einingahús. Framleiðandi eininganna hafi svo sérstaka viðurkennda aðila til að setja einingarnar upp. Umbjóðandi sinn sinni því hlutverki.

Kærandi segir það hafa tekið tollstjóra mörg ár að komast að þeirri niðurstöðu sem kynnt sé í hinum kærðu úrskurðum. Samkvæmt bréfum sem gengið hafa á milli kæranda og tollstjóra kemur fram að a.m.k. þrjú starfsmenn tollstjóra hafa óskað eftir upplýsingum um vöruna og hefur fyrirtækið orðið við beiðni tollstjóra og sent inn umbeðin gögn. Fyrsta bréfið var sent til innflytjanda frá tollstjóra í október 1996. Þar er óskað eftir gögnum um vörunar. Í nefndu bréfi er varan tollflokkur í ein sex

tollskrárnúmer en ekki sem ein heild. Ekkert frekar var aðhafst í málinu af hendi tollstjóra og taldi innflytjandi að rétt gjöld hafi verið greidd af vörunni. Næsta bréf kom frá tollstjóra í apríl 2006 þar sem óskað var eftir skjölum vegna innflutnings á alls 18 sendingum. Tollstjóra var svarað með bréfi, dags. 3. maí 2006, þar sem bent var á bréfið frá tollstjóra frá 1996 og skýrt út hverslags vörur væri um að ræða. Í bréfinu kemur fram að það sé skilningur innflytjanda að um sé að ræða veggjakerfi sem sé tilbúnir byggingahlutir. Þar af leiðandi beri þeir ekki vörugjald. Aðeins sé verið að gera athugasemd við einn hluta veggjakerfisins sem séu gipsplötur. Tollstjóri svaraði með bréfi, dags. 8. maí s.á., þar sem innflytjandi var tilkynnt að ekki væri að sjá í gögnum embættisins að úrskurðað hafi verið um tollflokkun á nefndum gipsplötum. Þessu bréfi svarar innflytjandi með bréfi, dags. 19. maí s.á., þar sem óskað er eftir skýringum og rökstuðningi tollstjóra fyrir forseddum þess að umrædd vara sem eins og áður segir hefur tvívegis verið tekin til skoðunar af embættinu og í bæði skiptin hafi ekki verið krafist breytinga á tollflokkun. Líta beri svo á að þar sem embættið hafi ekki eftir skoðun farið fram á breytingar á tollflokkun teljist það jafngilda úrskurði um að um rétta tollflokkun hafi verið að ræða.

Það sé svo 26. mars 2008 sem tollstjóri fari fram á að fyrirtækið sendi gögn um vöruna og tiltekna tollpappíra. Fyrirtækið varð við þessari beiðni og í bréfi sem það sendi tollstjóra voru rakin fyrri bréfaskipti og tilgreint að þar sem ekki hafi verið gerðar athugasemdir við tollflokkun fyrirtækisins hafi forsvarsmenn þess talið sig vera í góðri trú. Þá er vikið að því að í tveimur tollafgreiðslum hafi verið innheimt vörugjald sem óskað hafi verið eftir að embættið endurgreiddi en ekki hafi fengist svör við þeirri beiðni. Í svari tollstjóra, dags. 2. og 13. júní 2008, er tilkynnt að til þess geti komið að aðflutningsgjöld verði endurákvörðuð.

Kærandi heldur því fram að lesa megi það út úr tilvitnuðu bréfi tollstjóra að þegar sé búið að taka ákvörðun um endurákvörðun í málinu á þessu stigi.

Kærandi telur að ekki leiki nokkur vafi á að um sé að ræða tilbúna en ósamsetta veggj sérsniðna að því húsnæði sem um sé að ræða hverju sinni. Allt efni sé nákvæmlega sniðið fyrir tiltekið verk og ekki sé legið með vöru á lager. Vegginn eigi því að tollflokka sem eina heild, sbr. skýringarreglu 2-4 við tollskrá. Kærandi telur að tollflokkur sá sem tollstjóri flokki gipsplötturnar í standist ekki þar sem yfirborð plötunnar sé klætt með vínildúk. Í fyrri lið tollskránumersins sé tekið fram að plötturnar skuli vera óskreyttar. Þá segir í kærinni að eins og sjáist í sambærilegum hlutum í tollskrá þá sé það ekki það sem mætir auganu sem ráði tollflokkun heldur sé aðalauðkennið t.d. í tilbúnum húsum – burðargrindin. Þar að auki séu það ekki plötturnar sem mæta auganu heldur vínildúkur og samkvæmt þeirri reglu sem úrskurðaraðili setji fram ætti að miða við hann. Auðkenni veggisins séu þau að hann sé settur upp á léttu grind og með listum efst sem gera það að verkum að það má færa hann til. Framleiðendur mæla með því að gólfefni séu lögð á undan veggnum svo að sá eiginleiki njóti sín.

Kærandi kveðst ekki hafa orðið uppvís af neinu ólöglegu athæfi, allar upplýsingar um vöruna hafi verið gefnar og tollstjóri hafi unnið að málinu og skoðað gögn og ekki gert athugasemdir við tollmeðferð vörunnar. Kærandi segir það hlutverk opinberra starfsmanna samkvæmt grunnskilgreiningu um eðli valds sé að þjóna, þ.e. í tvennum skilningi, þ.e. að gæta hlutleysis í þeirri þjónustu í þessu tilfelli að afla ríkissjóði tekna og einstaklingnum sem stundum gleymist. Ljóst sé að í opinberri þjónustu séu einstaklingar með yfirburða þekkingu á þeim málefnum sem verið er að fjalla um. Á þessum einstaklingum hvíli sú skylda að upplýsa þá sem til þeirra sækja. Þegar á það er litið að niðurstaða þessara úrskurða sé byggð á túlkunum sem jafnvel reyndir menn í tollflokkun vara telja vægast sagt vafasama er það niðurstaða kæranda að það að ekki sé neitt aðhafst í málinu á fyrri stigum þess jafngildi það skriflegri yfirlýsingu um að rétt hafi verið staðið að þeim og skuldbindandi fyrir yfirvöld.

Kærandi segir í kæru sinni að við skoðun sem hann hafi gert á tollskrá finni hann engan lið sem án efa geti átt við vöru þá sem verið sé að fjalla um. Hann kveðst sjá þá grunnreglu að sambærilegir samsettir hlutir frá evrópska efnahagssvæðinu séu án tolla og vörugjalds. Sá tollflokkur sem honum finnst helst koma til greina sé flokkur um tilbúin hús tnr. 9406.0001. Tilbúinn veggur hafi sömu eiginleika og tilbúin hús en sé aðeins hluti þess. Samkvæmt skýringum á þeim lið á hann ekki beint við, þ.e. ekki sé um heilt hús að ræða. Á þeim lið sést, hvort sem hann er notaður eða ekki að það sem ræður flokkuninni er ekki plötturnar sem eru notaðar að utan heldur burðargrindin.

Kærandi segir sérfræðing í tollflokkun sem hann hafi leitað til telja að flokka eigi vöruna í tollflokk 7308.9001 og ef til vill 7308.9009. Það byggji á sömu grunnreglu og hér er að ofan sögð ráða flokkun á einingarhúsum, þ.e. á grindinni sem þau eru byggð á.

Kærandi telur málsmeðferð tollstjóra með ólíkindum og það þjóni hvorki hagsmunum gjaldanda né hinu opinbera að leggja viðbótargjöld aftur í tímann. Ljóst sé að tollstjóri gæti orðið skaðabótaskyldur vegna meðferðar málsins. Kostnaður vegna slíks máls komi til með að nema hærri upphæð en sem nemur þeirri upphæð sem nú er krafist. Löglegt markmið tollstjóra sem að auka tekjur ríkissjóðs. Meðalhöfsregla hafi verið brotin. Tíðar niðurfellingar mála á hendur kæranda vegna innflutnings á sömu vöru kalli á ríkari skyldur tollstjóra og vandaðri málsmeðferð.

Kærandi krefst þess að úrskurðunum verði hrundið og tollstjóra gert að endurgreiða oftekin gjöld og að varan verði flokkuð í tollflokk sem ber ekki vörugjald.

Tollstjóra var send kæran til umsagnar sbr. 4. mgr. 118 gr. tollalaga nr. 88/2005 með bréfi þann 19. ágúst 2008. Í svari tollstjóra sem barst nefndinni þann 6. október s.á. eru kröfur kæranda tíundaðar. Þar segir m.a um þær staðhæfingar í kærinni að tollstjóri felli niður mál ef hann fellst á kröfur gjaldanda en úrskurði aðeins þegar gjöld eru hækkuð þá eigi þær skýringar kæranda sér enga lagastoð og sú framkvæmd viðgangist ekki hjá embættinu.

Rannsókn þessa máls hafi staðið yfir hjá tollstjóra frá því að farið var fram á að kærandi sendi inn aðflutningsskýrslur og fylgigögn fyrir þær sendingar sem hafa verið endurákvörðaðar. Grunur hafi kviknaði í þar af leiðandi rannsókn gagnanna um að vörurnar væru ranglega tollflokkaðar af innflytjanda. Endurskoðun tollstjóra vegna rafrænnar tollafgreiðslu fari fram með þeim hætti að framkvæmdar eru úrtaksskoðanir á innfluttum sendingum, annaðhvort handahófskenndar úrtaksathuganir eða úrtaksathuganir á grundvelli áhættugreiningar eða annarra forsendna. Farið sé fram á að innflytjandi sendi inn aðflutningsskjöl fyrir tiltekna sendingar. Af þeirri ástæðu hafi þótt rétt að heimildir tollstjóra nái til sendinga sem innflytjandi hafi fengið tollafgreiddar á síðustu sex árum. Rannsókn slíkra mála geti því tekið töluverðan tíma.

Í þessu máli hafði verið óskað eftir frekari gögnum og innflytjanda tilkynnt um fyrirhugaða endurákvörðun aðflutningsgjalda eins og gögn málsins bera með sér. Innflytjandi hafi því verið upplýstur um að rannsókn málsins stæði yfir og eins að endurákvörðun aðflutningsgjaldanna væri að vænta. Tollstjóri bendir á að kærandi hefði áður tollflokkað rétt þær vörur sem úrskurðirnir fjalli um. Kæranda hafi ekki verið tilkynnt um niðurfellingu málsins meðan rannsókn þess stóð yfir og var því málið í rannsókn þar til úrskurðir féllu í málinu þann 22. júlí 2008 og 24. júlí 2008. Í þessu sambandi vill tollstjóri benda á að í fyrirhugaðri endurákvörðun hafi verið greint frá meginástæðum þess að tollstjóri taldi aðflutningsgjöld ekki hafa verið rétt ákvörðuð. Innflytjanda hafi jafnframt verið gefinn kostur á að koma að andmælum og leggja fram gögn sem hann teldi skipti máli við ákvörðun um réttmæti álagningar. Ekki hafi fallið úrskurður í málum kæranda þegar fyrri rannsóknir stóðu yfir í málinu. Málsmeðferð vegna úrskurðanna hafi því veri í samræmi við 114. gr. tollalaga nr. 88/2005.

Bréf með beiðni um gögn yfir sendingar var sent kæranda þann 12. mars 2008 og tilkynningar um fyrirhugaða endurákvörðun aðflutningsgjalda voru sendar 2. júní 2008 og 13. júní 2008 samkvæmt 1. mgr. 114. gr. tollalaga. Þar var gefinn kostur til andmæla áður en til endurákvörðunar kæmi og þar með gefinn kostur á að framvísa frekari gögnum sem skipta máli í því sambandi. Veittur var 15 daga frestur samkvæmt 3. mgr. 114. gr. tollalaga til andmæla eða til að leggja fram gögn áður en úrskurðurinn yrði kveðinn upp. Einnig var úrskurðurinn kveðinn upp innan þess frests sem kemur fram í 4. mgr. greinarinnar. Bent var á í úrskurðinum að innflytjandi gæti óskað eftir bindandi álit um tollflokkun vöru samkvæmt 21. gr. tollalaga. Því var lögboðinni leiðbeiningarskyldu samkvæmt 7. gr. stjórnarsýslulaga nr. 37/1993 og málshraða samkvæmt 9. gr. stjórnarsýslulaga sinnt. Einnig eru allar upplýsingar varðandi bindandi álit um tollflokkun, ábyrgð innflytjanda, upplýsingar varðandi tollflokkun og málsmeðferð varðandi endurákvörðun aðflutningsgjalda aðgengilegar hjá tollstjóra.

Rétt sé að ítreka þá skyldu sem innflytjandi beri samkvæmt 32. gr. tollalaga nr. 88/2005, áður 14. gr. tollalaga nr. 55/1987. Innflytjandi sem sendir tollstjóra aðflutningsskýrslu um vöru, með rannsókn um gagnaflytningarnet vegna SMT- eða VEF-tollafgreiðslu, ber ábyrgð á því að upplýsingar sem þar eru veittar séu réttar. Ennfremur ber hann ábyrgð á að fram komi allar þær upplýsingar sem eiga að koma fram vegna tollafgreiðslunnar og að þær séu byggðar á viðeigandi fylgiskjöllum sem eiga að liggja til grundvallar aðflutningsskýrslu. Innflytjanda sé skylt að leggja fram beiðni um leiðréttingu hjá tollstjóra verði hann þess var að upplýsingar sem lágu til grundvallar tollafgreiðslu voru rangar eða ófullnægjandi innan sex ára frá tollafgreiðsludegi samkvæmt 116. gr. tollalaga nr. 88/2005. Innflytjandi



ber sönnunarbyrði þess að rangar og ófullnægjandi upplýsingar hafi verið lagðar til grundvallar tollafgreiðslu ef breyttar forsendur geta leitt til lækkunar álagðra aðflutningsgjalda.

Það sé skylda tollstjóra samkvæmt 111. gr. tollalaga nr. 88/2005, áður 99. gr. tollalaga nr. 55/1987 að endurákvörða aðflutningsgjöld ef í ljós komi að þau voru ekki rétt ákvörðuð við tollafgreiðslu, vegna sendinga sem innflytjandi hefur fengið tollafgreiddar með rafrænum hætti á síðustu sex árum talið frá þeim degi þegar honum berst tilkynning um fyrirhugaðan úrskurð um endurákvörðun skv. 1. mgr. 114. gr. Með úrskurðum 34/2008 og 35/2008 hafi þessi lagalega skylda embættisins verið uppfyllt.

Um þá kröfu kæranda að gefnar verði skriflegar leiðbeiningar um hvernig greina skuli á milli flokkun vara í tnr. 6809-1909 annars vegar og vara í flokki 6809-1901 hins vegar segir í greinargerð tollstjóra að ekki séu til skriflegar leiðbeiningar varðandi það hvernig greint sé á milli vara í mismunandi tollflokkun. Sérfræðingar á vegum embættisins sem og hjá fyrirtækjum sem veita þjónustu tollmiðlara, búi yfir þekkingu þar að lútandi og aðstoða innflytjendur við rétta tollflokkun sé eftir því leitað. Þá beri ætíð að taka tillit til túlkunarreglna við tollskrá.

Samkvæmt 2. mgr. 20. gr. tollalaga þá getur inn- eða útflytjandi óskað eftir staðfestingu tollstjóra á tollflokkun vöru leiki vafi á um tollflokkun vörunnar og getur hann leitað eftir bindandi álitu tollstjóra á tollflokkun vörunnar, sbr. 21. gr. tollalaga nr. 88/2005. Þetta hafi innflytjanda verið bent á eins og áður hefur komið fram. Ef óskað er bindandi álits um tollflokkun vöru skal senda skriflega beiðni þar að lútandi til tollstjórans í Reykjavík. Tollstjórinn tekur ákvörðun um tollflokkun vöru samkvæmt 21. gr. tollalaga sem er bindandi gagnvart fyrirspyrjanda og tolyfirvöldum nema hún sé afturkölluð af tollstjóranum eða henni breytt eftir kæru til ríkistollanefndar, sbr. 118. gr. tollalaga nr. 88/2005.

Um þær kröfur kæranda að allar kröfur samkvæmt hinum kærðu úrskurðum verði felldar niður og tollstjóra gert að endurgreiða kæranda oftekin gjöld vegna þeirra tveggja sendinga sem honum var gert að greiða vörugjald af segir í greinargerð tollstjóra að tollstjórar annast álagningu aðflutningsgjalda samkvæmt 109. gr. tollalaga nr. 88/2005, áður 97. gr. tollalaga nr. 55/1987. Í 111. gr. tollalaga nr. 88/2005, áður 99. gr. tollalaga nr. 55/1987 sé heimild tollstjóra til endurákvörðunar aðflutningsgjalda ef í ljós komi, við skoðun gagna, að þau voru ekki rétt ákvörðuð við tollafgreiðslu. Samkvæmt úrskurðunum voru vörur í þeim sendingum sem um ræðir í ofangreindum úrskurðum ranglega tollflokkaðar og því voru aðflutningsgjöld endurákvörðuð samkvæmt ofangreindum heimildum.

Einnig hafði verðmæti hluta af vöru einnar sendingarinnar ekki verið bætt við tollverð sendingarinnar og þar af leiðandi voru ekki greidd af henni lögboðin gjöld. Í 115. gr. tollalaga nr. 88/2005 er heimild tollstjóra til áætlunar aðflutningsgjalda. Tollverð vöru skal áætla svo ríflega að eigi sé hætt við að fjárhæðir séu áætlaðar lægri en raunverulegt verðmæti vörunnar og ákvarða aðflutningsgjöld í samræmi við þá áætlun.

Varðandi andmæli kæranda á dráttarvöxtum sem lagðir voru á í umræddum úrskurðum þá segir í greinargerð tollstjóra að fram komi í 125. gr. tollalaga nr. 88/2005, áður 108. gr. tollalaga nr. 55/1987 að reikna skuli dráttarvexti á vangreidd aðflutningsgjöld frá og með gjalddaga, sem er tollafgreiðsludagur skv. 120. gr. tollalaga nr. 88/2005, áður 2. mgr. 108. gr. tollalaga nr. 55/1987 og fram að greiðsludegi. Þegar fyrirhuguð endurákvörðun sé byggð á 111. gr. tollalaga nr. 88/2005 verði dráttarvextir þó einungis ákvarðaðir frá því að innflytjanda barst tilkynning um fyrirhugaða endurákvörðun. Í úrskurði 35/2008 voru aðflutningsgjöld endurákvörðuð í samræmi við 111. gr. tollalaga og voru dráttarvextir reiknaðir samkvæmt því eða frá því að innflytjanda barst tilkynning um fyrirhugaða endurákvörðun. Í úrskurði 34/2008 þá voru þær sendingar sem um ræðir í þeim úrskurði upphaflega tollafgreiddar fyrir 1. janúar 2006 og því gilda tollalög nr. 55/1987 um endurákvörðun aðflutningsgjaldanna og um dráttarvexti fer því eftir 3. mgr. 108. gr. tollalaga 55/1987 en þar segir að reikna skuli dráttarvexti á vangreidd aðflutningsgjöld frá og með eindaga og fram að greiðsludegi og voru dráttarvextir reiknaðir samkvæmt því.

Um þá kröfu kæranda að vara sú sem verið er að fjalla um skuli tollflokkuð í einn tollflokk sem ekki beri vörugjald segir tollstjóri að vöru skuli færa til tollflokks samkvæmt almennum reglum um túlkun tollskrárinnar en tollskráin er birt í viðauka I við tollalög nr. 88/2005 og er gerð í samræmi við vörunúmeraskrá Alþjóða tollstofnunarinnar. Reglur um túlkun skrárinnar eru birtar fremst í skránni. Þar er meginreglan sú að tollflokkun skal byggð á orðalagi vöruliða og athugasemda við viðeigandi kafla og flokka.

Sú tollflokkun sem leiddi til endurákvörðunar aðflutningsgjalda í ofangreindum úrskurðum sé byggð á túlkunarreglum nr. 1 og 6 við tollskrá en þar segir að fyrirsagnir á flokkum, köflum og undirköflum séu einungis til leiðbeininga. Í lagalegu tilliti skal tollflokkun byggð á orðalagi vöruliða og athugasemda við tilheyrandi flokka eða kafla. Brjóti það ekki í bága við orðalag vöruliða eða athugasemda skal meðal annars fylgja 6. túlkunarreglu við tollskrá. Þar kemur fram að í lagalegu tilliti skuli flokkun vara í undirlið einstakra vöruliða byggð á orðalagi undirliðanna og sérhverri tilheyrandi athugasemd við undirliði og að breyttu breytanda, framangreindum reglum með því fororði að aðeins jafnsettir undirliðir verði bornir saman. Viðkomandi athugasemdir við flokka og kafla gilda einnig með tilliti til þessarar reglu, nema annað leiði af orðalagi. Eins og greinir frá í hinum kærðu úrskurðum var um að ræða vöru sem er einingar úr gipsi en festingar úr járn. Því ber að tollflokka vöruna samkvæmt því að einkenni hennar er gips.

Veggirnir sem um ræðir voru tollflokkaðir samkvæmt ofangreindum lögum og túlkunarreglum. Þar af leiðandi er ekki hægt að samþykkja kröfu kæranda, þar sem vörur þurfa að tollflokkaðast samkvæmt ofangreindum reglum.

Að öðru leyti vísast til hins kærða úrskurðar.

Tollstjóri krefst þess að hinir kærðu úrskurðir nr. 34/2008 og 35/2008 varðandi endurákvörðun aðflutningsgjalda verði staðfestir.

Greinargerð tollstjóra var send kæranda til umsagnar með bréfi þann 7. október 2008. Í svari sem barst nefndinni þann 17. s.m. segir m.a. að hann telji það með öllu óskiljanlegt það sem fram komi í greinargerð tollstjóra að mál séu ekki felld niður þegar fallist sé á kröfur gjaldanda þar sem ekki sé lagaheimild fyrir því. Kærandi telur að stjórnvöldum beri skylda til að fella niður mál þar sem fallist sé á kröfur gjaldanda eftir útskýringar hans, sbr. 12. gr. stjórnsýslulaga. Ekki þurfi sérstaka lagaheimild fyrir stjórnvöld að sleppa því að eltast við menn sem hafa allt sitt á hreinu. Þar sem innflutningur hafi haldið áfram og vörur flokkaðar á sama hátt mátti tollstjóri líta svo á að óþarfi væri að tilkynna niðurfellinguna, sbr. 20. gr. stjórnsýslulaga. Kærandi segist gera ráð fyrir því að tollstjóri fari að lögum. Borgararnir verði að geta treyst því. Ljóst sé að mál út af umdeildum innflutningi var tekið fyrir hjá tollstjóra fyrir það sex ára tímabil sem er til umfjöllunar. Því máli sé lokið án úrskurðar samkvæmt greinargerð tollstjóra. Kærandi fullyrðir að öll gögn hafi verið send tollstjóra í hvert skipti sem slík fyrirspurn hafi komið. Kærandi segir að tollstjóra beri skylda til að afgreiða mál eins fljótt og unnt sé. Um einfalda röðun í tollflokka hafi verið að ræða. Í greinargerð tollstjóra sé tekið fram að hann hafi á að skipa sérfræðingum til að annast þau mál. Gera verði ráð fyrir að farið hafi verið að lögum og því hafi málið verið felld niður fljótlega eftir að gögn bárust.

Ef gert sé ráð fyrir því áfram að tollstjóri hafi farið að lögum sé ljóst að honum bar skylda til að halda málinu áfram ef líkur væru á því að ekki væri rétt tollflokkað, sbr. tilvitnuð ákvæði í greinargerð tollstjóra. Af framsögðu sé ljóst að treysta hefði mátt því að niðurfelling mála út af umdeildum innflutningi jafngilti yfirlýsingu um að rétt væri tollflokkað. Andstæð regla myndi rýra stjórnvöld öllu trausti og fara gegn grundvallar skilgreiningum á eðli stjórnvalda í vestrænum lýðræðisríkjum og kalli á spillingu. Niðurfelling mála hafi því verið stjórnvaldsaðgerðir sem séu bindandi fyrir tollstjóra.

Kærandi mótmælir því sem fram kemur í greinargerð tollstjóra að leiðbeiningarskyldu hafi verið fullnægt með því að benda á að senda mætti fyrirspurn til embættisins um tollflokkun vöru. Leiðbeiningar í þá átt hafi fyrst borist í júní á þessu ári, þ.e. rúmum sex árum eftir að tollstjóra bar að gefa þessi ráð. Svokallaðar leiðbeiningar tollstjóra hafi því verið gagnslaugar og veittar til að reyna að klæða málsmeðferð i löglegan búning, en ekki til þess að þjóna borgurunum. Fráleitt hafi verið að senda inn fyrirspurn um tollflokkun vöru eftir niðurfellingu máls. Það sé fráleitt að hinn almenni borgari eigi að gera ráð fyrir að stjórnvöld fari ekki að lögum, þ.e. að úrskurða ekki viðbótargjöld ef það hefði átt við. Kærandi kveðst hafa treyst því að niðurfelling þýddi að rétt væri tollflokkað. Ábyrgð innflytjanda við sjálfvirkar afgreiðslur hljóti því að takmarkast þegar málið hafi verð tekið til formlegrar rannsóknar og málið felld niður eftir að gögn og skýringar hafi borist.

Kærandi segir deiluna snúast aðallega um tvennt, tollflokkun vörunnar og ranga lýsingu tollstjóra á vörunni. Kærandi telur að rétt verði að draga þá ályktun að rétt hafi verið tollflokkað því að mál hans hafa ítrekað verið felld niður hjá tollstjóra eftir skýringar. Borgararnir verði að geta treyst stjórnvöldum. Og í öðru lagi þá telur hann tollstjóra lýsa vörunni á rangan hátt en á lokablaðsíðu greinargerðar

tollstjóra lýsi hann allt annarri vöru en verið sé að flytja inn. Það sé grundvallaratriði að vera með rétta vöru til úrskurðar en í lýsingu tollstjóra á vörunni segi “Einingar úr gipsi en festingar úr jární” Kærandi segir gips hafa engan burð. Það sé því óhugsandi að gera veggeiningar úr gipsi. Lýsing tollstjóra sé því einfaldlega röng. Veggurinn gæti hins vegar verið allur úr jární þó heppilegra teljist að klæða hann með gipsplötum. Hlutverk stjórnvalda sé að framfylgja lögum þannig að gætt sé að hagsmunum borgaranna sem heildar og sem einstaklinga. Þessi villandi lýsing sé furðuleg í því ljósi. Um sé að ræða einingar sem samanstandi af burðargrind úr jární. Á hana séu að jafnaði festar gipsplötur með festingum, prófílar efst og neðst sem mæti breytileika í lofthæð og einangrun, festingar og tengilistar o.fl. Einingin sé tilbúin fyrir það húsnæði sem hún sé ætluð í en ósamsett. Kærandi segir tollstjóra sleppa því sem sé aðalatriðið við tollflokkan vörunnar og hann hafi rökstutt, þ.e. burðargrindina. Það að telja að gipsið sé aðalatriði verði að byggja á einhverjum rökum en þau koma ekki fram hjá tollstjóra. Hann tíundi skýringarreglur á tollskrá sem séu næsta óskiljanlegar en sýni ekki fram á af hverju þessar skýringarreglur breyti tollflokkinum. Það séu hin rökrænu tengsl sem hljóti að ráða niðurstöðu um tollflokkan.

Kærandi segir dráttarvexti skaðabætur. Hann telur út í hött að tollstjóri krefjist greiðslu á dráttarvöxtum þegar hann hafi fylgt öllum leikreglum. Málflutningur tollstjóra virðist byggja á því að starfsmenn hans hafi brotið lög með því að fella eldri mál niður en kærandi eigi að greiða skaðabætur fyrir. Það sé ekki hægt að halda því fram að afgreiðsla eldri mála hafi verið lögum samkvæmt og kærð afgreiðsla líka þar sem þær eru andstæður.

Kærandi áréttar í lokin að stjórnvöld í vestrænu lýðræðisríki eigi að þjóna fólki. Völdin séu hjá fólkinu og embættismenn séu ráðnir til að framfylgja því sem fulltrúar fólksins setja í lög. Þeim beri að þjóna einstaklingnum sem til þeirra leita og séu grunnreglur þeirra skyldna lögfestar í stjórnsýslulögum. Jafnframt eigi þau að gæta hagsmuna heildarinnar og jafnræðis með því m.a. að innheimta lögboðin gjöld. Það þjóni ekki neinum tilgangi að villa um í málflutningi og reyna að fá fram fyrir heildina niðurstöðu sem stenst ekki lög. Villandi lýsing á vörunni og fullyrðingar um að embættisfærslan hafi verið samkvæmt lögum þegar hún var það ekki virðist ekki þjóna öðrum hagsmunum en embættiskerfisins sjálfs. Kærandi ítrekar fyrri kröfur sínar.

Ríkistollanefnd hefur haldið fundi um málið og nefndarmenn hafa kynnt sér þau gögn sem lögð hafa verið fram. Kærandi kærir þá ákvörðun tollstjóra að endurákvörða gjöld á alls 18 sendingar sem tollafgreiddar voru á árunum 2002 til 2007. Tollalög nr. 55/1987 taka til fjórtán sendinga og tollalög nr. 88/2005 til fjögurra. Um er að ræða efnivöru til innréttinga. Kærandi krefst þess að úrskurðir tollstjóra um endurákvörðunina nr. 34 og 35/2008 verði felldir úr gildi. Nefndarmenn skoðuðu vöruna og kynntu sér uppsetningu á henni.

Um er að ræða efnivöru í veggeiningar, til innréttinga innanhúss, sem flutt er til landsins tilsníðin og tilbúin til uppsetningar í einingum, samkvæmt fyrirframákveðnum hætti, yfirleitt skv. teikningu. Efnivaran samanstendur af járnvinklum sem eru burðarvirki í veggeiningunum og tengistykkjum til samsetningar á þeim, járnýfirfellingum máluðum eða fóðruðum með viðarlíki til frágangs og gipsplötum með yfirborðsklæðningum ætluðum til klæðninga á járnuppistöðurnar. Af gögnum sem fylgdu kærinni má sjá að vara þessi er fullunnin. Hún er eins og fram kemur pöntuð í ákveðið rými og kemur tilsníðin í það og tilbúin til uppsetningar. Ríkistollanefnd er sammála tollstjóra um að tollflokka gipsplötturnar í tnr. 6908,1901, þ.e. vörur til bygginga og að flokka beri plastþéttingu í tnr. 3926.9014. Ríkistollanefnd er hins vegar ekki sammála tollstjóra um að tollflokka járnuppistöður og þær vörur sem þeim fylgja í tnr. 7308.9009. Nefndarmenn telja að hér sé um tilbúna vöru að ræða ætlaða í tiltekið rými, sem pöntuð er inn samkvæmt teikningu. Nefndarmenn telja að tollflokka beri þessa vöru í tnr. 7308.9001 með vísan til almennra reglna um túlkun tollskrárinnar nr. 1 og 6.

Kærandi vitnar til skýringarreglna tollskrár og telur þær illskiljanlegar. Skýringarreglur tollskrár eru birtar fremst í tollskránni og hafa því lagagildi og eru grundvöllur fyrir flokkan vöru samkvæmt tollskránni. Almennar reglur um túlkun tollskrárinnar byrja á málsgrein sem hljóðar svo: „Við flokkan vöru í tollskrá skal fylgja eftirfarandi reglum: “Við flokkan vöru í tollskrá ber því að fara eftir túlkunarreglum hennar og þá fyrst og fremst þeirri fyrstu sem hljóðar svo: „*Fyrirsagnir á flokkum, köflum og undirköflum eru einungis til leiðbeiningar. Í lagalegu tilliti skal tollflokkan byggð á orðalagi vöruliða, athugasemda við tilheyrandi flokka og kafla og brjóti það ekki í bága við orðalag vöruliða eða athugasemda skal fylgt eftirfarandi reglum:*”

Þegar kemur að flokkun vöru í undirlíði, kemur til kasta 6. túlkunarreglunnar sem hljóðar svo: „Í lagalegu tilliti skal flokkun vara í undirlíði einstakra vöruliða byggð á orðalagi undirlíðanna og sérhverri tilheyrandi athugasemda við undirlíði og, að breyttu breytanda, framangreindum reglum, með því fororði að aðeins jafnsettir undirlíðir verða bornir saman. Viðkomandi athugasemdir við flokka og kafla gilda einnig með tilliti til þessarar reglu, nema annað leiði af orðalagi.”

Af framansögðu má vera ljóst að túlkunarreglur tollskrár eru hluti af tollalögunum og tollskrá og vörur verða ekki rétt flokkaðar í tollskrá nema þessum túlkunarreglum sé fylgt. Tilvísun til þeirra er því grundvöllur efnislegs rökstuðnings fyrir ákveðinni niðurstöðu um tollflokkun vöru.

Í kærinni er vakin athygli á að tollstjóri hafi ítrekað í gegnum árin tekið til skoðunar tollflokkun á þeim vörum sem hér er deilt um tollflokkun á, sbr. m.a. bréf, dags. 23. október 1996 og 10. apríl 2006 m.a. með því að kalla eftir gögnum og upplýsingum um vöruna. Þessar skoðanir tollstjóra leiddu ekki til breytinga á tollflokkun vörunnar. Það er svo með bréfi, dags. 12. mars 2008, að tollstjóri kallar enn eftir upplýsingum og kveður í framhaldi af þeirri athugun upp úrskurði nr. 34 og 35/2008.

Ekki er unnt að mati ríkistollanefndar að líta svo á að málið hafi verið í vinnslu tollstjóra í allan þennan tíma sem þessi bréfaskipti áttu sér stað. Ítrekuð skoðun tollstjóra á vörunni svo og breytileg tollflokkun vörunnar í gegnum tíðina leiðir til þess að nefndarmenn telja ekki ástæðu til að fallast á endurákvörðun gjalda af þeim vörusendingum sem hin kærða endurákvörðun tollstjóra tekur til. Héðan í frá ber hins vegar að tollflokka vöruna eins og ríkistollanefnd tilgreinir hér að framan.

Samkvæmt framanrituðu kveður ríkistollanefnd upp svofelldan úrskurð með vísan til 1. mgr. 118. gr. tollalaga nr. 88/2005 og Almennra reglna um túlkun tollskrár nr. 1 og 6 eru hinir kærðu úrskurðir tollstjóra nr. 34 og 35/2008 felldir úr gildi. Tollflokka ber tilsniðnar gifsplötur tilbúnar til uppsetningar í tnr. 6908.1901 en járnuppistöður og hluta til þeirra í tnr. 7308. 9001.